




HVALVÖRÐUGILSLÆKUR

Deiliskipulag ferðaþjónustu

18.04.2024

Br. 29.11.2024



Deiliskipulag þetta, sem kynnt og auglýst hefur verið samkvæmt 40. og 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum, var samþykkt af bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar þann

f.h. Sveitarfélagsins Hornafjarðar

Skipulagslýsing var kynnt frá 18.09.2023 til 02.10.2023

Deiliskipulagstillagan var auglýst frá 11.07.2024 með athugasemdafresti til 30. 08.2024. 2024.

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____

EFNISYFIRLIT

1.1	Markmið	5
1.2	Skipulagsgögn	5
2.1	Staðhættir	6
2.1.1	Náttúruvá	6
2.1.2	Fornminjar	7
2.1.3	Hættumat	7
2.2	Aðalskipulag Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030	7
2.3	Ferðapjónusta	9
3.1	Lóð og byggingar	10
3.2	Vegir og bílastæði	10
3.3	Veitur og sorp	10
3.4	Brunavarnir	11
3.5	Hönnun og upprættir	11
3.6	Frágangur lóða og umgengni	11
4.1	Vægi umhverfisáhrifa	12
4.2	Umhverfisþættir	12
4.3	Mat á umhverfisáhrifum deiliskipulags	13
4.4	Niðurstaða umhverfismats	14
5.1	Umsagnaraðilar aðalskipulagsbreytingar	15
5.2	Skipulagsferli	15
5.3	Breyting að lokinni auglýsingu	15

HÖFUNDUR	RÝNI	VERKNR.
BRE	ÁJ	102932-DSK-001-V03

1 INNGANGUR

Deiliskipulag fyrir lóð við Hvalvörðugilslæk, sem skipt verður út úr landi Hofs (L160170) í Öræfasveit, tekur til uppbyggingar á ferðaþjónustu. Svæðið er staðsett vestan við Hvalvörðugilslæk við Hofsfjall með aðkomu frá Hringveginum. Svæðið er um 5 ha að stærð.

Samhliða gerð deiliskipulags er unnið að breytingu á Aðalskipulag Hornafjarðar 2012-2030 þar sem svæðið verður skilgreind sem verslunar- og þjónustusvæði. Unnið var ofanflóðamat og í framhaldi af því var unnið hættumat. Ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir svæðið. Nýtt deiliskipulag er unnið á grundvelli skipulagslaga nr. 123/2010.

Meginmarkmið skipulagsins er að bjóða ferðamönnum upp á stoppistöð (e. *Meeting point*) þar sem safnast er saman í sérferðir t.d. inn á jökul eða aðrar áhugaverðar ferðir í fylgd með reyndum leiðsögumönnum. Boðið verður upp á veitingasölu og geta ferðamenn skilið bíla/farangur eftir yfir daginn og gengið eða tekið aðra farmöguleika, s.s. rútur að áhugaverðum viðkomustöðum. Ferðamönnum gefst tækifæri til að njóta náttúrunnar sem svæðið hefur upp á að bjóða með ýmsum afþreyingar möguleikum og skapast tækifæri til að lengja viðkomutíma ferðamanna í sveitarfélaginu.

1.1 Markmið

Með deiliskipulaginu er verið að auka uppbyggingu á ferðaþjónustu í Öræfum. Helstu markmið deiliskipulagsins eru eftirfarandi:

- Efla þjónustu við ferðamenn í sveitarfélaginu og bjóða upp á fjölbreytta afþreyingu í sveitarfélaginu.
- Afmarka lóð fyrir ný mannvirki og skilgreina byggingarskilmála sem tryggja að uppbygging taki mið af landslagi og umhverfi.
- Setja skilmála til að ganga úr skugga um að umhverfinu verði ekki raskað að óþörfu og að ekki stafi hættu af náttúruvá.

1.2 Skipulagsgögn

Skipulagsuppdrættir eru unnir á grunni gervitunglamynda og kortagrunnum IS50v frá LMÍ Deiliskipulagsgögn eru unnin í hnitakerfinu ISN93. Skipulagsgögn eru eftirfarandi:

- Deiliskipulagsuppdráttur í mkv. 1:2000, dags. 18.04.2024.
- Greinagerð þessi með byggingarskilmálum og umhverfismatsskýrslu, dags. 18.04.2024.


2 FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR

2.1 Staðhættir

Skipulagssvæðið er allt að 5 ha og liggur um 50 m vestan við Hvalvörðugilslæk skammt vestan brúar yfir lækinn. Örafajökull gnæfir yfir svæðið og er talsvert um brattar fjallshlíðar norðan við svæðið og skörp skil eru milli fjall- og flatlendis en víðfeðmri sandar og skriðu- og aurkeilur taka við af bröttum fjallshlíðum.

Flatlendið einkennist af uppgrónum áreyrum og aurkeilu sem framburður lækjarins hefur mótað. Svæðið er ólíklegt til að henta til þaulræktunar, s.s. akuryrkju. Svæðið tilheyrir vatnshlotinu Örafi – 103-58-G og er 103-1059-R Langhólmslækur/Grændýralækur og smálækir er innan svæðisins.

Búið er að reisa tímabundin mannvirki, gámaeiningar, til að taka á móti ferðafólki. Sett hefur verið niður rotþró og svæðið tengt vatnsveitu og rafmagni. Þær byggingarnar verða fjarlægðar innan árs frá gildistöku þessa deiliskipulags.



MYND 1 Horft yfirsæðið frá Suðurlandsvegi. Mynd: Ja.is

2.1.1 Náttúruvá

Svæði í Örafum eru undir náttúrvá vegna flóða af völdum eldsumbrota í Örafajökli og Vatnajökli. Í nágrenni Hvalvörðugils hefur verið unnið að forgreiningu hættumats vegna jökulhlaupa í Örafum og Markarfljóti sem geta orðið vegna eldgosa undir jökli og hættumat fyrir Svínafellsjökul en þar er talin hætta á framhlaupi vegna sprungnu upp á heiðinni. Einnig hefur verið gerð rýmingaráætlun fyrir nágrenni Örafajökuls ef skyldi koma til eldgoss þar¹.

Unnið var minnisblað vegna hættu á ofanflóðum fyrir svæðið, dags. 6. Feb. 2024. Þar sem skipulagssvæðið er staðsett á aurkeilu skammt frá rótum bratttra fjalla eru ummerki um skriðufjöll, þótt

¹ Almannavarnir – Ríkislögreglustjóri, “Neyðarrýming – Örafajökull”, Almannavarnir – Ríkislögreglustjóri, Reykjavík, 2017.

engar heimildir séu um slíkt og því ekki hægt að útiloka ofanflóðshættu. Auk ofanflóða eru líkur á eldgosum og jökulhlaupum talsverðar. Á svæðinu eru varnargarður til að stýra Hvalvörðugilslæk í farveg. Ef þörf reynist á að framkvæma hættumat fyrir svæðið og/eða bæta ofanflóða- og flóðavarnir verður það gert í samráði við Veðurstofu Íslands, Vegagerðina og Sveitarfélagið.

2.1.2 Fornminjar

Ekki er búið að skrá fornleifar en engar þekktar fornleifar eru á svæðinu. Skv. 16. gr. í lögum um menningarminjar nr. 80/2012 segir að skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá deiliskipulagi. Leitað verður eftir álitni Minjastofnunar til að kanna hvort þörf sé á nánari fornleifaskráningu á skipulagssvæðinu.

Finnist áður ókunnar minjar ber að tilkynna fundinn til Minjastofnunar svo fljótt sem auðið er skv. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Friðhelgað svæði umhverfis fornminjar er 15 m skv. 22. gr. laganna.

2.1.3 Hættumat

Í framhaldi þess að unnið var minnisblað vegna hættu á ofanflóðum, fór sveitarfélagið fram á að unnið væri sérstakt hættumat. Matið er unnið skv. reglugerð nr. 505/2000, þar sem m.a. kemur fram að í hættumati skuli afmarka þrenns konar hættusvæði, A, B og C og að ekki sé heimilt að skilgreina íbúða- eða frístundabyggð, né heldur að svæði fyrir atvinnusvæði, nema tryggt sé að áhætta sé viðunandi.

Fram kemur í niðurstöðu matsins að; *Í þessu tilfelli er um atvinnuhúsnæði að ræða í formi þjónustustöðvar fyrir ferðamenn, þar sem gert er ráð fyrir svæði til að safnast saman fyrir ferðir, veitingasölu og bílastæðum. Niðurstöður hættumatsins sýna að deiliskipulagssvæðið stenst hættumat og því er leyfilegt að reisa fyrirhugaðar byggingar skv. reglugerð 505/2000.*

2.2 Aðalskipulag Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030

Í gildi er Aðalskipulag Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030. Breyting verður gerð á aðalskipulaginu, samhliða deiliskipulaginu, og sett inn um 5 ha verslunar- og þjónustusvæði sem nú er skilgreint sem landbúnaðarsvæði. Heimilt er að reisa allt að 800 m² byggingu á einni hæð með móttöku- og þjónusturými fyrir ferðamenn ásamt veitingasölu. Heimilt er að byggja allt að 1200 m² skemmu m.a. fyrir geymslu á búnaði og tækjum í tengslum við ferðaþjónustu. Vanda skal til uppbyggingar og leitast við að mannvirki falli sem best að umhverfinu.

Flokkun landbúnaðarlands hefur ekki farið fram í sveitarfélaginu en svæðið er ekki heppilegt til ræktunar bæði rýrt og grýtt.

Um svæði fyrir verslun og þjónustu segir í gildandi aðalskipulagi:

Stefna sveitarfélagsins er að auka þátt ferðaþjónustu í atvinnulífi og menningu í sveitarfélaginu og að aðalskipulagið stuðli að því. Helsta aðdráttarafli svæðisins felst m.a. í einstöku landslagi og náttúrufari. Skipuleggja þarf aðgerðir og mannvirki vegna ferðaþjónustu, tryggja nauðsynlega verndun aðdráttarafllisins – náttúru, menningu og menningarlandslag – og uppbyggingu til að standast álag og

stjórna framvindu. Ferðaþjónustufyrirtæki eru hvött til að miðla til gesta umhverfisáherslum sveitarfélagsins, upplýsingum um flokkun sorps og umgengi um náttúru landsins.

Við deiliskipulagsgerð fyrir uppbyggingu á verslunar- og þjónustusvæðum skal taka mið af byggðarmynstri og landslagi:


- Byggð falli vel að byggðarmynstri, sé í samhengi við staði þar sem hefur verið búseta, eða tengist bæjarhlöðum og myndi eftir atvikum samfellu með byggð sem þegar stendur og sé víkjandi í landslagi.
- Að vandað sé til mannvirkja með tillit til útlits, varanleika og viðhalds.

Um landbúnaðarland segir í gildandi aðalskipulagi:

Stefnt er að aukinni ferðaþjónustu í sveitum Hornafjarðar og að hún verði eftir atvikum samþætt landbúnaði á lögbýlum.

Sveitarfélagið stefnir að því að auka ferðaþjónustu í sveitum Hornafjarðar og að uppbygging verði í samhengi við staði þar sem hefur verið búseta eða tengist bæjarhlöðum og myndi eftir atvikum samfellu með byggð sem þegar stendur og sé víkjandi í landslagi. Uppbygging skal falla að byggðarmynstri og að vandað sé til mannvirkja með tilliti til útlits, varanleika og viðhalds. Hún skal taka tillit til landgæða og spilla ekki mikilvægu ræktunarlandi og viðeigandi ráðstafanir verði fyrir hendi vegna vatnsöflunar og fráveitu.

Breyting á aðalskipulagi verður í samræmi við stefnu aðalskipulagsins.



Mynd 2 Skjáskot af upprætti aðalskipulags Hornafjarðar eftir stofnun nýs verslunar- og þjónustusvæðis.

2.3 Ferðapjónusta

Fyrirhugaðar framkvæmdir eru taldar falla vel að stefnu sem sett er fram í Áfangastaðaáætlun Suðurlands sem uppfærð var 2023. Þar segir:

„Ferðapjónusta á Suðurlandi er sjálfbær þar sem lögð er áhersla á heildræna þróun í sátt við náttúru og samfélag. Ferðapjónustan er öflug atvinnugrein og samvinna ríkir á milli mismunandi hagsmunaaðila þar sem hugað er að gæðum, upplýsingagjöf og fræðslu.“

Uppbygging byggir á heildarsýn og jafnvægi í samfélaginu. „Til að ná þessu markmiði þarf meðal annars að miða uppbyggingu svæða bæði að íbúum og ferðamönnum í sátt við umhverfi og samfélag þar sem áætlanir eru gerðar til lengri tíma“.

Uppbygging ferðapjónustu við Hvalvörðugilslæk eykur fjölbreytni í viðkomustöðum ferðamanna á svæðinu og eykur aðráttarafl sveitarfélagsins.

3 SKIPULAGSSKILMÁLAR

3.1 Lóð og byggingar

Afmörkuð er 5 ha lóð og innan hennar er skilgreindur byggingarreitur.

Innan byggingarreits er heimilt að reisa allt að 800 m² móttöku- og þjónustubyggingu á einni hæð, með einhalla þaki, allt að 6 m. Heimilt er að reisa allt að 1200 m² skemmu, allt að 8 m hámarkshæð, fyrir geymslu á tækjum og öðrum búnaði í tengslum við ferðaþjónustu.

Heimilt er að vera með veitingasölu á staðnum. Megin markmið rekstursins er að þjónusta gesti staðarins og þeirra sem eru á leið í ferðir hjá fyrirtækinu..

Vanda skal til uppbyggingar og frágangs lóðar. Mannvirki skulu falla vel að landi og taka mið af náttúrulegu yfirbragði svæðisins.

3.2 Vegir og bílastæði

Aðkoma að lóðinni verður frá Suðurlandsvegi.

Bílastæði eru innan lóðar. Almenn aðkoma og bílastæði skulu vera vel frágengin. Bílastæði mun gera ráð fyrir allt að 5 rútustæðum og allt að 70 stæði fyrir aðrar bifreiðar. Bílastæði eru sýnd til skýringar á uppdrætti og geta breyst við endanlega hönnun svæðis.

Gert er ráð fyrir að hægt verði að koma upp hleðslustöðvum fyrir rafknúin ökutæki sé þess þörf.

3.3 Veitur og sorp

Svæðið verður tengt raforkudreifikerfi RARIK. Neysluvatn verður fengið úr samveitu á svæðinu.

Frárennsli verður leitt í hreinsivirki. Gerð og staðsetning skal vera í samræmi við lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og reglugerð um fráveitu og skólp nr. 798/1999, m.s.br. Tryggja skal gott aðgengi að hreinsivirkjum til tæmingar.

Veita skal vatni af húspökum og hörðu yfirborði við hús beint niður í jarðveg. Koma má fyrir malarpúðum undir yfirborði sem getur tekið við yfirborðsvatni. Notast má við hefðbundnar þakvatnslagnir við að beina vatninu að malarpúðanum.

Í eða við byggingar skal vera aðstaða til flokkunar og geymslu sorps. Sorpgeymslur skulu vera í samræmi við byggingarreglugerð nr. 112/2012, m.s.br. Staðsetning og frágangur skal vera þannig að aðgengi sé gott. Sorphirða fer eftir reglum sveitarfélagsins hverju sinni. Leiðbeiningar um flokkun sorps skulu vera til staðar fyrir ferðamenn.

3.4 Brunavarnir

Lóðin er innan starfssvæðis Brunavarna Austur-Skaftafellssýslu og skulu brunavarnir taka mið af brunavarnaráætlun og lögum um brunavarnir nr. 75/2000.

3.5 Hönnun og uppdrættir

Byggingarreitur er sýndur með brotalínu á deiliskipulagsuppdrætti og málsettur á mæliblaði. Meginhlutar húss skulu standa innan byggingarreits.

Húsagerðir eru frjálssar að öðru leyti en því sem mæliblöð, hæðarblöð, skilmálar þessir, byggingarreglugerð og aðrar reglugerðir segja til um.

Á aðaluppdráttum skal sýna skipulag lóðar í aðalatriðum og fyrirkomulag mannvirkja á lóðinni, sbr. byggingarreglugerð.

Mæliblöð sýna lóðamörk, stærð lóðar, byggingarreit, innkeyrslu inn á lóð og kvaðir ef einhverjar eru.

3.6 Frágangur lóða og umgengni

Almennt skal frágangur lóða vera í samræmi við byggingarreglugerð nr. 112/2012 og samþykta aðal- og lóðaruppdrætti. Frágangi lóða og bygginga skal lokið innan tveggja ára frá því að byggingarleyfi er veitt.

Lögð er áhersla á góða ásýnd svæðis þar sem vönduð og fagleg hönnun leiðir af sér heillandi svæði. Þess skal gætt að raska ekki meira land en nauðsyn krefur.

Heimilt er að planta/gróðursetja innan lóðarmarka og áhersla á víðitegundir og birki/reynitré.

Leitast skal við að hafa lýsingu lágstemmda og ljósi beint niður til að lýsingar þjóni sem best tilgangi sýnum og til að draga úr ljósmengun.

4 UMHVERFISÁHRIF

Við gerð deiliskipulags skal, skv. gr. 5.4 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013, meta líkleg áhrif af fyrirhuguðum framkvæmdum og starfsemi á aðliggjandi svæði og einstaka þætti skipulagsins sjálfs. Svo sem á vistkerfi, auðlindir, landslag, ásýnd, útsýni, hljóðvist, loftgæði, hagkvæmni, veðurfar, varðveislugildi og svipmót byggðar og einstakra bygginga o.fl. umhverfisþætti eftir því sem efni skipulagsins gefur tilefni til. Matið felst í verklagi sem beitt er til að stuðla að umhverfisvernd og sjálfbærri þróun við gerð skipulags og draga úr neikvæðum áhrifum framkvæmda, skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Umhverfismatið felur í sér mat á líklegum áhrifum þeirrar stefnu sem sett er fram.

4.1 Vægi umhverfisáhrifa

Í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um umhverfismat áætlana segir; „*Vægi umhverfisáhrifa fer almennt eftir eðli, gerð, umfangi, tíðni og tímalengd breytinganna sem eru fyrirséðar á umhverfinu.*“ Við mat á vægi áhrifa er litið til þess hvort áhrifin séu marktæk á svæðis-, lands-, eða heimsvísu og nái til fjölda fólks á þess hvort áhrifin séu óafturkræf og til langs tíma. Áhrifin geta verið jákvæð, neikvæð, óveruleg eða óviss.

4.2 Umhverfisþættir

Umhverfisþáttur er tiltekinn þáttur, s.s. gróðurfar, landslag eða félagslegir þættir, sem taldir eru geta orðið fyrir áhrifum af framkvæmdum og aðgerðum sem leiðir af þeirri stefnu sem skoðuð er hverju sinni. Áhrif af stefnu deiliskipulagsins á einstaka þætti umhverfis eru metin og gefin einkunn, m.a. eftir því hvort þau eru talin jákvæð eða neikvæð. Við matið er horft til neðan greindra umhverfisþátta og leitast við að svara matsspurningum m.t.t. þeirra viðmiða sem talin eru upp í töflunni:

TAFLA 1. Umhverfisþættir, matsspurningar og viðmið.

UMHVERFISÞÁTTUR	UMHVERFISVIÐMIÐ	MATSSPURNINGAR
Land og landslag <i>Landslag</i> <i>Náttúrulegt yfirbragð</i> <i>Ásýnd og sjónræn áhrif</i>	<i>Landsskipulagsstefna 2015-2026.</i> <ul style="list-style-type: none">• Skipulag byggðar og landnotkun varðveiti og eflir gæði sem felast í landslagi og sérkennum náttúru og byggðar á hverjum stað.• Skipulag stuðli að seiglu gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum. <i>Aðalskipulag Hornafjarðar 2012-2030</i> <ul style="list-style-type: none">• Skynsamleg og hagkvæm nýting lands og landsgæða, að tryggja vernd landslags, náttúru og menningarverðmæta og koma í veg fyrir spjöll og ofnýtingu. <i>Jarðlög nr. 81/2004.</i>	Hefur stefnan áhrif á landslag og náttúrulegt yfirbragð svæðisins?
Gróður og lífríki <i>Gróðurlendi og vistkerfi</i> <i>Búsvæði fugla</i>	<i>Náttúruverndarlög nr. 60/2013.</i> <ul style="list-style-type: none">• Verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir. <i>Vistgerðakortlagning Náttúrufræðistofnunar Íslands</i>	Hefur stefnan áhrif á gróður, vistkerfi og búsvæði dýra?
Heilbrigði <i>Mengun og hávaði</i> <i>Öryggi</i> <i>Flóðahætta</i>	<i>Aðalskipulag Hornafjarðar 2012-2030.</i> <ul style="list-style-type: none">• Efla byggð og landnotkun með áherslu á heilbrigði og öryggi. <i>Stefna stjórnvalda í almannavarna og öryggismálum.</i>	Er hætta á mengun eða hávaða vegna stefnu skipulagsins? Hefur stefnan áhrif á öryggi vegna náttúruvár?

UMHVERFISÞÁTTUR	UMHVERFISVIÐMIÐ	MATSSPURNINGAR
	<ul style="list-style-type: none"> Undirbúa, skipuleggja og framkvæma ráðstafanir sem takmarka tjón og skaða af völdum náttúruhamfara. 	
Samfélag <i>Atvinnulíf</i> <i>Ferðaþjónusta</i>	<i>Aðalskipulag Hornafjarðar 2012-2030.</i> <ul style="list-style-type: none"> Efla byggð og landnotkun með áherslu á heilbrigði og öryggi og efnahagslegar, félagslegar og menningarlegar þarfir að leiðarljósi. Ferðaþjónusta í sveitum Hornafjarðar verði eflad. <i>Landsskipulagsstefna 2015-2026.</i> <ul style="list-style-type: none"> Skipulag landnotkunar stuðli að eflingu ferðaþjónustu í dreifbýli um leið og gætt verði að því að varðveita þau gæði sem eru undirstaða ferðaþjónustu. <i>Íslensk ferðaþjónusta til 2030</i> <ul style="list-style-type: none"> Aukin verðmætasköpun og samkeppnishæfni. Jákvæð áhrif á nærsamfélag og aukin lífsgæði. Jafnvægi milli hagnýtingar og verndar náttúru. <i>Aðgerðaráætlun í loftslagsmálum.</i> <ul style="list-style-type: none"> Skuldbindingar í loftslagsmálum. Orkuskipti í vegasamgöngum. 	<p>Hefur stefnan áhrif á atvinnutækifæri?</p> <p>Hefur stefnan áhrif á þjónustu við ferðamenn?</p>
Loftslagsmál <i>Losun</i> <i>gróðurhúsalofttegunda</i>	<i>Aðgerðaráætlun í loftslagsmálum.</i> <ul style="list-style-type: none"> Skuldbindingar í loftslagsmálum. Orkuskipti í vegasamgöngum. <i>Íslensk ferðaþjónusta til 2023</i> <ul style="list-style-type: none"> Minnka kolefnisspor og forystuhlutverk í orkuskiptum og nýtingu vistvænna orkugjafa. 	<p>Hefur stefnan áhrif á losun gróðurhúsalofttegunda?</p>
Náttúru- og menningarminjar <i>Friðlýst svæði eða svæði á náttúruminjasrá</i> <i>Fornminjar</i>	<i>Lög um menningarminjar nr. 80/2012.</i> <i>Náttúruminjasrá.</i>	<p>Hefur stefnan áhrif á verndarsvæði?</p> <p>Hefur stefnan áhrif á fornminjar?</p>

4.3 Mat á umhverfisáhrifum deiliskipulags

Grunnástand: Svæðið er óbyggt. Skilgreint sem landbúnaðarland en ekki nýtt undir slíka starfsemi.

Deiliskipulag: Stofnuð er 5 ha lóð undir ferðaþjónustu. Gert er ráð fyrir allt að 800 m² byggingu á einni hæð með móttöku- og þjónusturými fyrir ferðamenn ásamt veitingasölu. Heimilt er að byggja allt að 1200 m² skemmu m.a. fyrir geymslu á búnaði og tækjum í tengslum við ferðaþjónustu. Vanda skal til uppbyggingar og leitast við að mannvirki falli sem best að umhverfinu.

Breytt skipulag:

Áhrif á land og landslag eru metin óveruleg: Landi verður raskað að hluta til vegna uppbyggingar, slíkt er óumflýjanlegt þegar verið er að byggja upp á nýjum stað. Lögð er áhersla á að hönnun bygging taki mið af umhverfinu.

Áhrif á gróður og lífríki eru metin neikvæð: Svæðið er lítt gróið en kemur til með að raskast við framkvæmdir. Svæðið verður grætt upp að hluta til þess að gera það meira aðlaðandi.

Áhrif á heilbrigði og öryggi eru metin óveruleg: Ekki er talin vera hættu á mengun ef farið er eftir lögum og reglugerðum þar að lútandi og gengið sé frá fráveitu með fullnægjandi hætti. Svæðið er undir náttúruvá. Ofanflóðamat hefur verið unnið og unnið er að samráði á nánari hættumati. Viðeigandi ráðstafanir verða gerðar eða bæta þarf ofanflóða- og flóðavarnir á svæðinu. Farið verður eftir

rýmingaráætlun almannavarna. Boðið verður upp á reynda leiðsögumenn í ferðir inn á hættusvæði til að auka öryggi ferðamanna.

Áhrif á samfélag eru metin jákvæð. Verið er að efla þjónustu við ferðamenn í sveitarfélaginu og auka valkosti til afþreyingar sem fjölga atvinnutækifærum fyrir íbúa.

Áhrif á loftslagsmál eru metin óviss. Umferð kemur til með að aukast með auknum straumi ferðamanna. Aukning á útblæstri gróðurhúsalofttegunda fer eftir framgangi orkuskipta í samgöngum. Gert er ráð fyrir að hægt verði að hlaða rafknúin ökutæki á svæðinu.

Áhrif á náttúru og menningarminjar eru metin óviss: Engar þekktar minjar eru innan svæðisins. Samráð verður haft við Minjavörð um hvort þurfi að fara í nánari úttekt á svæðinu.

Núll kostur:

Áhrif á land og landslag, gróður og dýralíf, loftslagsmál eru metin óveruleg. Engin uppbygging á sér stað á svæðinu og helst það eins og það er í dag.

Áhrif á samfélag eru metin neikvæð/óviss. Engin uppbygging á sér stað sem leiðir af fjölgun atvinnutækifæra og aukningu á þjónustu við ferðamenn. Engin áhrif eru á öryggi fólks.

Áhrif á minjar eru metin óveruleg. Engar þekktar minjar eru til staðar.

4.4 Niðurstaða umhverfismats

Í heild eru áhrif skipulagsins metin jákvæð. Ekki er verið að ganga á gott landbúnaðarland þar sem svæðið hentar illa til ræktunar. Umfang uppbyggingarinnar er takmarkað og eru skilmálar settir til mannvirki falli vel inn í umhverfið. Stefna skipulagsins er í samræmi við stefnu sveitarfélagsins er varðar þjónustu við ferðamenn og atvinnuuppbyggingu í sveitarfélaginu. Minjavörður mun meta hvort þurfi nánari úttekt á fornminjum á svæðinu. Unnið hefur verið minnisblað vegna hættu á ofanflóðum og samráð verður haft við Veðurstofu Íslands varðandi frekara hættumat fyrir svæðið og hvort huga þurfi að flóðavörnum á svæðinu. Farið verður eftir viðeigandi viðbragðsáætlunum vegna náttúruvár, flóttaleiðir frá svæðinu eru nokkuð greiðar og vel er fylgst með mögulegu eldgosum undir jökli og hlaupi í kjölfari þessi.

5 KYNNING, SAMRÁÐ OG SKIPULAGSFERLI

Skipulagslýsing var kynnt í október 2023. Umsagnir bárust frá Vegagerðinni, Náttúrufræðistofnun Íslands og Skipulagsstofnun.

Umsagnir bárust frá Veðurstofu Íslands, Minjastofnun Íslands, Rarik, Vegagerðinni, Skipulagsstofnun, og Steinþóri Arnarsyni.

Eftir því sem við á hefur verið tekið tillit til ábendinga sem þar bárust.

5.1 Umsagnaraðilar aðalskipulagsbreytingar

Óskað verður eftir umsögnum frá eftirtöldum aðilum:

- Skipulagsstofnun
- Minjastofnun Íslands
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
- Vegagerðin
- Veðurstofan
- Náttúrufræðistofnun Íslands

Umhverfisstofnun vill eingöngu fá skipulag til umsagnar, þar sem verið er að skipuleggja á skilgreindum verndarsvæðum. Eftir atvikum verður óskað eftir umsögnum annarra aðila.

5.2 Skipulagsferli



5.3 Breyting að lokinni auglýsingu

Bætt er inn kafla (2.1.3) varðandi hættumat, sem unnið var, en matið kallar ekki á skilmálabreytingar.

Á uppdrætti var vegtenging færð vestar, sbr. umsögn Vegagerðar.